

**Skýrsla stjórnar  
Orkuveitu Húsavíkur ehf. 2009**



**Aðalfundur 29. apríl 2010**

**Skýrsla stjórnar Orkuveitu Húsavíkur ehf. fyrir árið 2009**

## Almennt

Aðalfundur Orkuveitu Húsavíkur ehf. fyrir árið 2009 var haldinn í stjórnsýsluhúsi Norðurþings þann 29. apríl 2009. Í stjórn félagsins voru Bergur Elías Ágústsson, sem gegndi formennsku, Aðalsteinn Á. Baldursson og Sigurjón Benediktsson. Sigurjón sagði skilið við stjórnina á árinu og í hans stað kom Sigurgeir Höskuldsson. Varamenn í stjórn voru Jón Grímsson og Þráinn G. Gunnarsson. Stjórn félagsins hélt 8 fundi á árinu auk aðalfundar og hluthafafundar. Einnig voru vinnufundir framkvæmdastjóra og stjórnarformanns.

Orkuveita Húsavíkur ehf. er hluthafi í nokkrum fyrirtækjum og aðili að ýmsum samtökum, s.s. Þeistareykjum ehf., Hrafnabjörgum hf, Íslenskri Orku hf. og Samorku. Félagið seldi hlut sinn í Netorku hf. á árinu.

Á síðasta starfsári voru 6 starfsmenn í fullu starfi, tveir á skrifstofu og fjórir í vinnu við kerfi Orkuveitunnar.

Sveitarfélagið Norðurþing á 100% hlut í Orkuveitu Húsavíkur ehf.

Starfsemi félagsins var með óhefðbundnu sniði á starfsárinu en engin raforkuframleiðsla var í Orkustöð fyrirtækisins í Hrísmóum sökum bilunar í stöðinni. Fyrirtækið seldi einnig raforkuhluta sinn á árinu og hætti þar með afskiptum af rafdreifingu og rafmagnssölu á almennum markaði.

Efnahagshrun og kreppa á landinu hafði sem fyrr áhrif á starfsemi félagsins á árinu. Allar nýframkvæmdir voru enn á fresti en viðhaldi og útköllum vegna bilanna sinnt. Þær fjárfestingar sem Orkuveita Húsavíkur hefur tekið þátt í á liðnu ári, lúta allar að félaginu Þeistareykjum ehf., sem Orkuveitan á 31,97% hluti í. Aðrir eigendur Þeistareykja ehf., eru Landsvirkjun, Þingeyjarsveit og Norðurorka, sem seldi sinn hlut til Landsvirkjunar á árinu. Hluthafar í Þeistareykjum ehf. eiga forkaupsrétt á hlut Norðurorku og lauk árinu 2009 með viðræðum milli hluthafa varðandi framtíð og samsetningu hluthafa félagsins.

## Hitaveita

Sala á heitu vatni stóð því sem næst í stað á milli árána 2008 og 2009 (sjá mynd 1). Tíðin var svipuð á árunum og aukinheldur hafa umsvif fyrirtækja staðið í stað. Salan nam 137,8 m.kr. á árinu 2009 en var 121,5 m.kr. á árinu 2008.

Þrír bæir í Kinn tengdust hitaveitu á árinu.



Mynd 1: Heitavatnssala á Húsavík árin 2001 til 2009, mæld í m<sup>3</sup>

Rekstur heitavatnskerfa var með ágætum á árinu. Nokkrar bilanir gerðu vart við sig og var gert við eftir því sem þær komu upp. Bilanir á Húsavík voru fátíðari en í Aðaldal.

Orkuveita Húsavíkur á jarðhitaborholu BA-04 í landi Kelduness milli Bakkahlaups og Skjálftavats sem boruð var á árunum 2005-2006. Hitastig er um 76,5 °C og rennsli nálægt 20 l/sek. Á árinu 2009 var áframhaldið rannsóknum á vatninu úr

holunni til að kanna möguleika og útfærslu á hönnun hitaveitu fyrir Kelduhverfið. Bandarískur nemandi við RES Orkuskóla, undir leiðsögn Hrefnu Kristmannsdóttur, vann að rannsókn með aðstoð og framlagi starfsmanna Orkuveitu Húsavíkur.

Borholuvatnið sem leitt er í Ostakarið á Húsavíkurhöfða kom sem fyrr við sögu í rekstri Orkuveitunnar. Vatnið, sem þekkt er fyrir ágæti sitt til heilsubaða, er einnig notað í rannsóknir og gegnir hlutverki við mælingar til að þróa jarðefnafræðilegar aðferðir til að segja fyrir um jarðskjálfta og til að þróa sjálfvirkt efnavöktunarkerfi til þess að vara við jarðskjálftum. Orkuveita Húsavíkur og starfsfólk fyrirtækisins lögðu sitt af mörkunum við rannsóknir á Höfðanum á árinu 2009 og mun umræddri rannsókn verða haldið áfram á árinu 2010.

Jarðhitaskóli Sameinuðu þjóðanna sótti Orkuveitu Húsavíkur heim í júlí 2009 og var af því tilefni farið um og skoðað Hveravallasvæðið í Reykjahverfi. Við þetta tækifæri var Ystihver látinn gjósa (sjá forsiðu).

## Vatnsveita

Rekstur vatnsveitu gekk ágætlega á árinu. Viðhaldi og viðgerðum var sinnt eftir því sem þurfti. Bilanir voru tíðari á árinu 2009 en árið á undan.

Sölutekjur vatnsveitu, sem innheimtar eru með fasteignagjöldum sveitarfélagsins, námu 42,8 m.kr. á árinu 2009.

Því er eins farið með kaldavatnssölu um mæli og heitavatnssölu sem bæði hafa því sem næst staðið í stað. Endurspeglar þetta umsvif fyrirtækja á staðnum sem staðið hafa í stað síðustu ár, sjá mynd 2.




Mynd 2: Kaldavatnssala eftir mæli á Húsavík árin 2001 til 2009, mæld í m<sup>3</sup>

Á árinu var tekið sýni úr vatnsbóli Húsavíkur og sent utan til rannsóknar. Niðurstaða mælinga sýndi fram á það, sem fyrr, að vatnið stenst gæðakröfur samkvæmt neysluvatnsreglugerð nr.536/01.

## Rafveita

Raforkusala árið 2009 var 46,4 m.kr. og 44,8 m.kr. árinu á undan. Tekjur vegna raforkudreifingar 2009 voru 77,8 m.kr. og þar af voru 15,3 vegna flutnings. Á árinu 2008 voru tekjurnar 68,1 milljónir, þar af vegna flutnings 13,2 m.kr. Tekjur vegna varaafls námu 0,5 m.kr. árið 2009.

Raforkudreifing á sérleyfissvæði Orkuveitu Húsavíkur hefur verið nokkuð stöðug síðustu ár. Innmötun til Húsavíkur var 15.961 GWh á árinu 2009 (sjá mynd 3). Raforkunotkun viðskiptavina jókst um 1,9% frá árinu 2008 til 2009 en dreifitöp (töp og ómæld notkun) drógust saman milli ára. Dreifitöp ársins 2008 voru 7,6% en á árinu 2009 voru þau 6,1%.



Mynd 3: Innmötun til Húsavíkur árin 2001 til 2008, mæld í kWh

Spennistöð við Höfðaveg var formlega lögð af á árinu þegar 6 kV strengur milli hennar og spennistöðvar á Höfða var aftengur. Samfara því var spennubreytt í Höfðabrekku og Laugarbrekku í 400 V kerfi.

Tvær stærri bilanir urðu í rafdreifikerfinu á Húsavík á árinu. Annars vegar var um að ræða bilun í 1000 kVA spenni í spennistöð á hafnarsvæðinu við suðurgarð. Spennirinn var sendur í viðgerð og á meðan þjónaði annar 800 kVA spennir svæðinu. Hinsvegar varð bilun í háspennustreng í norðurhluta Húsavíkurbæjar. Að þessum bilunum undanskildum gekk rekstur raforkukerfa ágætlega á árinu.

Á árinu bar hæst sala raforkuhluta Orkuveitu Húsavíkur ehf. Kaupendur voru annars vegar RARIK ohf. og hinsvegar Orkusalan hf. Með kaupunum eignaðist RARIK rafdreifikerfi Orkuveitunnar og Orkusalan tók við sölustarfsemi fyrirtækisins frá og með 1.janúar 2010. Orkustöðin - virkjun Orkuveitunnar og önnur dreifikerfi eru áfram í eigu Orkuveitu Húsavíkur.

## **Orkustöð**

Raforkuframleiðsla hefur legið niðri frá því í janúar 2008 sökum bilunar. Stefnt er að því að hefja raforkuframleiðslu á ný í Orkustöð og selja í heildsölu. Samningur þess efnis var tryggður milli Orkuveitu Húsavíkur og Orkusölnunar þegar sá síðarnefndi tók við almennum viðskiptum á Húsavík. Samkomulag hefur náðst milli Orkuveitunnar Húsavíkur og breska orkufyrirtækisins Global Geothermal (GGL) um samvinnu vegna viðgerðar og enduruppbyggingar Orkustöðvar Orkuveitunnar á Hrísmóum við Húsavík. Dótturfyrirtæki GGL, Recurrent Engineering mun sjá um viðgerð og enduruppbyggingu Orkustöðvarinnar. GGL mun yfirtaka rekstur stöðvarinnar á meðan á viðgerð hennar stendur og standa straum af viðgerðarkostnaðinum. Orkuveitan mun svo leysa til sín stöðina aftur þegar GGL hefur sýnt fram á rekstrarhæfni hennar.

## Ýmis verkefni

Samfara sölu á rafmagnshluta Orkuveitu Húsavíkur seldi félagið hlut sinn í Netorku hf., sem er hlutafélag í eigu raforkufyrirtækja og sameiginlegt mæligagna- og uppgjörsfyrirtæki fyrir raforkumarkaðinn. Selt var á genginu 4,5 og fékkst fyrir hlutinn 1.208.547 kr., bókfært verð var 1.007.121 kr. og söluhagnaður 201.426 kr.

Á árinu seldi Norðurorka hlut sinn í Þeistareykjum ehf., til Landsvirkjunar. Aðrir hluthafar í Þeistareykjum ehf.- Orkuveita Húsavíkur ehf. og Þingeyjarsveit- eiga forkaupsrétt á hlut Norðurorku í Þeistareykjum og lauk árinu 2009 með viðræðum milli hluthafa varðandi framtíð og samsetningu hluthafa félagsins. Ekki er búið að semja um framhald mála þegar þetta er ritað.

Skrifstofa Orkuveitunnar flutti á árinu og fékk inni í stjórnsýsluhúsi Norðurþings. Hagræði og lægri rekstrarkostnaður hlaust af þessum breytingum.

Orkuveita Húsavíkur ehf. hefur á síðastliðnum árum lagt Björgunarsveitinni Garðari lið og á því var engin undantekning á liðnu ári. Það er Orkuveitunni ánægja að leggja jafn mikilvægu verkefni lið enda gegnir sveitin þýðingarmiklu starfi og hefur á neyðarstundu aðstoðað fólk í vanda, heima og að heiman. Orkuveitan leggur einnig öðrum verkefnum lið og stefna hefur verið mörkuð þess efnis að veita styrkjum á starfssvæðinu umfram önnur svæði.

## Ársreikningurinn

Á árinu 2009 seldi Norðurorka hlut sinn í Þeistareykjum til Landsvirkjunar. Þá myndaðist gengi hlutafjárins á markaði sem er hærra en nafnverð. Í ársreikningi Orkuveitu Húsavíkur fyrir 2009 er hlutur félagsins í Þeistareykjum ekki uppfærður til hækkunar í samræmi við fyrrgreinda sölu. Það er því álit stjórnar að styrkur Orkuveitunnar komi ekki skýrt fram í efnahag félagsins.



Í fjárhagsáætlun félagsins fyrir árið 2010 er gert ráð fyrir að selja hlutinn í Þeistareykjum. Gangi áform um sölu eftir er áætlað að eiginfjárstaða fyrirtækisins verði jákvæð sem nemur um 80% í árslok 2010.

Í rekstrarreikningi Orkuveitu Húsavíkur fyrir 2009 kemur fram að rekstrartekjur ársins námu 453,4 m.kr., þar af söluhagnaður eigna 133 m.kr. Rekstrargjöld voru 183,9 m.kr., og hagnaður fyrir afskriftir nam 269,6 m.kr. Afskriftir voru 257,7 m.kr., þar af 200 m.kr. aukaafskrift á Orkustöð vegna virðisrýrnunar. Hagnaður fyrir fjármagnsliði nam 11,9 m.kr. Að teknu tilliti til fjármagnsgjalda og tekjuskatts varð tap á rekstri félagsins 48,7 m.kr.

## **Lokaorð**

Árið 2009 var ár mikilla umbreytinga. Þetta á við um Orkuveitu Húsavíkur ehf. jafnt og íslenskt viðskiptalíf almennt. Með sölu eigna styrkti félagið stöðu sína og breytti rekstri í samræmi við framtíðar stefnu sem stjórn Orkuveitunnar hefur markað. Á sama tíma skilaði aðhald í rekstri bættri afkomu.

Nái framtíðarsýn og stefna stjórnar fram að ganga mun félagið sigla örugglega í gegnum núverandi þjóðfélagsumrót og mun um framtíð skila góðum arði til eiganda síns og samfélags.

Ég þakka stjórn, starfsmönnum og eigenda félagsins fyrir samstarfið á liðnu ári.

Virðingarfyllst

Bergur Elías Ágústsson  
Stjórnarformaður

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.  
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.  
This page will not be added after purchasing Win2PDF.